



Hafnarfirði 31.12.2015

Árskýrsla SÍH fyrir árið 2015

Stjórnarstarf

Engin breyting varð á stjórn SÍH á síðasta aðalfundi.

Eitt af markmiðum félagsins á árinu var að vinna alla titla sem í boði voru í haglabyssugreinum. Það gekk eftir í Norrænu trappi þar sem keppendur SÍH lönduðu öllum Íslandsmeistaratitlunum ásamt Bikarmeistararatitli kvenna í skeet.

50 ára afmæli SÍH

SÍH open var haldið með pomp og prakt 4. og 5. júlí. Samhliða mótinu var haldið upp á 50 ára afmæli félagsins en félagið var stofnað 11. október 1965.

Að lokinni keppni á laugardeginum var boðið til veislu af tilefni afmælisins þar sem mikið var um dýrðir, ræðuhöld, heiðranir, afhending minjagripa ásamt hátíðamat og drikk eins og hver og einn gat í sig látið.

Fimm félagsmenn SÍH voru heiðraðir heiðursmerki Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem veitt er fyrir áratuga óeigingjarnt starf í þágu íþróttarinnar.

Þeir sem hlutu Sildurmerki IBH voru:

Sigurþór Jóhannesson, Jakob Þór Leifsson og Kristinn Rafnsson

Þeir sem hlutu Gullmerki IBH voru:

Stefán Geir Stefánsson og Anders Már Þráinsson

Félaginu bárust margar góðar gjafir og falleg orð voru látin falla um félagið og starfsemina.

Af tilefni afmælisins voru útbúnir óvenjulegir verðlaunapeningar með merki félagsins, skorið í þykkt rústfrítt stál. Minjagripirnir sem keppendur fengu til minningar um þátttöku sína í mótinu voru herðatré úr rústfríu stáli með merki félagsins, ártali og byssuskeptum sem axlarburður.

Fallegur hraundrangi var afhjúpaður sem minnisvarði um sigurvegara á SÍH oepn. Við hlið hans var komið fyrir spöldum með áletrunum allra

sem unnið hafa SIH open frá upphafi í báðum flokkum.

Nöfn nýrra vinningshafa mun síðan bætast við á hverju ári.

Daglegur rekstur

Átta stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært mánaðarlega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins og birt að loknu keppnistímabilinu á heimasíðu þess.

Kvennastarf SÍH

Framan af ári voru æfingar kvenna með hefðbundi sniði. Eftir SÍH open og með tilkomu nýs skeet vallar voru kvennaæfingar færðar inn í almenna æfingadagskrá félagsins og þar með opnaðist aðgengi almennra félagsmanna að æfingum þriðja daginn í viku. Kvennfókið hélt þó hópinn og hafði annan skeetvöllin út af fyrir sig.

Kvennasveit SÍH hlaut Íslandsmeistaratitilinn í Norrænu trappi með þeim Hrafnhildi Hrafnkelsdóttir, Kristín Rut Stefánsdóttir og Anný Gumundsdóttir innanborðs. Ester Ýr Jónsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í Norrænu trappi og Helga Jóhannsdóttir varð Bikarmeistari STÍ í skeet.

Helga Jóhannsdóttir varð Bikarmeistari STÍ og setti nýtt Íslandsmet þegar hún keppti á Skandinavia open. Kristín Rut Stefánsdóttir setti nýtt Íslandsmet í Norrænu Trappi á SÍH open.

Keppnisferðir erlendis

Keppnisfólk SÍH tóku þátt í Skandinavia open og Ladies Grand Prix og stóðu sig með stakri þriði.

Félagatal

Gefin voru út 103 félagsskírteini á móti 91 árið áður. Á árinu gengu 16 nýir meðlimir í félagið á móti 33 nýliðum árið áður.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót og opin mót

Samtals voru 82 skráningar keppnismanna SÍH á 16 opin- og landsmót á móti 83 skráningum á jafn mörg mót á 2014. Félagið hélt eitt landsmót í skeet og N-trap í byrjun apríl, Íslandsmót í Norrænu trappi og skeet byrjun ágúst og SÍH Open var halið í ellefta sinn í byrjun júlí þar sem einn keppandi kom frá Grænlandi, einn frá Danmörku einn frá Svíþjóð og sex frá Færeyjum en samtals voru 42 þátttak á mótinu.

Það var lagt sérstaklega mikið í þetta mót af tilefni af 50 ára afmæli

félagsins m.a hafði verið útbúin hljóðglæra með kynningu á afmælinu, félginu og aðstöðu til ástundunar haglabyssuþróttarinnar á Íslandi. Hljóðglæran fór víða um strengi og geisla internetsins.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót voru fimm talsins þar sem keppt var bæði í skeet og Norrænu trappi þar sem samtals 33 þátttakendur voru skráðir til leiks á móti 62 þátttakendum á síðasta ári á jafn mörgum mótum.

Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurþór Jóhannesson Skotmaður SÍH í skeet og Helga Jóhannsdóttir Skotkona SÍH í skeet. Marinó Eggertsson varð Skotunglingur SÍH í Skeet

Gunnar Þór Þórarnarson varð Skotmaður SÍH í Norrænu trappi en enginn unglingur né kona tóku þátt í Norrænu trappi.

Að venju var mikil gleðskapur þá um kvöldið þegar uppskeruhátíð SÍH var haldin. Tilkynnt var um úrslit úr kosningu æfingastjóra ársins þar sem Jakob Þór Leifsson varð stigahæstur enn eina ferðina. Við sama tækifæri voru veittar ýmsar aðrar viðurkenningar fyrir góðan árangur, góðan stuðning og gott starf fyrir félagið á árinu.

Skýrsla fræðslunefndar

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra. Nokkrir nýir æfingastjórar bættust í hópinn.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu og var þátttaka góð. Gjaldskrá á námskeiðið var hækkuð verulega en árgjaldið innifalið í verðinu eins og áður.

Nokkur önnur styttri námskeið voru haldin um reglur og fl.

Skýrsla fjárhagsnefndar

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.

Eins og á síðasta ári veitt félagið einungis styrki til félagsmanna vegna þátttöku á mótum og fyrir Íslandsmeistaratitla.

Samtals fengu því 10 keppendur 360 hringi í styrki á móti 12 keppnismönnum sem fengu 990 hringi í styrki á síðasta ári.

Skýrsla skemmtinefndar

Árshátíð félagsins var haldin að loknu árlegu innanfélagsmóti á skírdag og var vel sótt og vel heppnuð enda skipulögð af skemmtinefnd með reynslu.

Skýrsla vallarnefndar

Lokið var við smíði nýs skeetvallar sem var vígður til keppni á SÍH

open.

Bygging skeetvallarins kallaði á miklar breytingar á skipulagi Iðavalla með tilheyrandi umformun og uppbyggingu nýrra mana og flutning 15 ára gamalla trjáa í stórum stíl.

Útbúið var nýtt bílastæði utan við aðkomuhliðið ásamt 600 m² tjaldstæði.

Árin 2014 og 2015 er líklega mest framkvæmdarár í sögu félagsins og þess má geta að þessar miklu framkvæmdir voru ekki með neinni fjárhaglegri aðkomu annari en félagsmanna og velunnara félagsins.

Ritnefnd

Uppsetning á vefsetri félagsins var óbreytt á milli ára.

Eins og áður er lögð áhersla á að allar upplýsingar um félagið og starfsemi þess séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og aðra gesti heimasíðunar.

Mest skoðaða síðan á vefsetrinu var „Myndaalbúm“ sem var heimótt 3582 sinnum.

Fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen